

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2275
komudagur 17.4.2008

From: Hannes Friðriksson [mailto:hannes@vss.is]
Sent: 17. apríl 2008 09:11
To: Eiríkur Áki Eggertsson; Katrín Júlíusdóttir
Subject: Umsögn Hollvina Hitaveitu Suðurnesja.doc

Blessuð

Að undanfögnu höfum við íbúar á Suðurnesjum lesið um umsagnir er sendar hafa verið inn til iðnaðarnefndar er varða breytingar á nokkrum lögum á auðlindasviði. Þær umsagnir hafa sennilega verið sendar inn að ósk nefndarinnar þar að lútandi. Á síðastliðnu hausti efndi ég til undirskriftarsöfnunar um málefni Hitaveitu Suðurnesja þar sem þátt tóku rúmlega helmingur kjósenda til bæjarstjórna í síðustu kosningum. Það er ljóst að sú staða sem Hitavita Suðurnesja er í dag, er ekki sú staða sem fyrrverandi eigendur hennar þ.e íbúar svæðisins hefðu viljað sjá hana í. Því sendi ég ykkur hér með umsögn okkar sem köllum okkur Hollvini Hitaveitu Suðurnesja, þar sem við skýrum okkar hlið á málinu. Það geri ég óumbeðið og vitandi að sennilega er umsagnarfrestur sá er nefndin setti sér liðinn. Vona að það komi þó ekki að sök og umsögn þessi náí fyrir nefndina. Samljóða texti undirskrifaður hefur í dag verið póstlagður.

Með vinsemd og virðingu
Hannes Friðriksson
Íbúi í Reykjanesbæ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum nokkrum lögum á auðlinda og orkusviði

Það er alveg ljóst af frumvarpsdrögum þessum að þau eru samin í skugga þeirra atburða er átt hafa sér stað eftir óundirbúna sölu ríkisins á 15% hlut í Hitaveitu Suðurnesja, án þess að skýr lög í þessa veru lægju fyrir og þeirra atburða sem á eftir komu. Hér er gerð heiðarleg tilraun til að setja reglur og umgjörð fyrir orkufyrirtækin út frá þeirri stöðu sem nú er, en ljóst er að þólandinn, nái lögin óbreytt fram að gang verður Hitaveita Suðurnesja og íbúar á starfssvæði hennar.

Yfirlýstur tilgangur laganna er setja reglur um eignarhald auðlinda sem nú eru í opinberri eigu og draga fram mörk samkeppnis og sérleyfisþáttanna. Hér mun frekar verða reynt að fara yfir helstu efnisliði frumvarpsins er snúa að neytendum á svæði Hitaveitu Suðurnesja, heldur en að fjalla um hverja grein fyrir sig.

1. Framsal á eignahaldi auðlinda sem nú þegar eru í opinberri eigu.

Ljóst er að hér er tekin skýr afstaða til eignarhaldsins á auðlindinni og nýtingu þeirra verðmæta. Það er ljóst að sú afstaða sem þarna er tekin er í fullu samræmi við þá almennu umræðu um að auðlindin skuli vera eign íslensku þjóðarinnar, og þarna eru settar reglur sem tryggja að svo verði áfram um, nema seinni tíma lagasetning þar um komi til. Ljóst er að þau verðmæti sem felast í orkuauðlindum þjóðarinnar verða stöðugt verðmætari nú á tímum grænnar orku, og því bæði eðlilegt og sanngjarnt að það verði þegnar landsins sem njóti þeirrar verðmætaaukningar. Vel mætti hugsa sér að hér yrði til dæmis valinn svipuð leið og Norðmenn völdu með olíusjóðinn þegar kemur að ákvörðun um nýtingu afgangsjaldsins af auðlindinni. Ljóst er að ásókn einkaaðila í þessa auðlind er mikil og því vandséð á hvern hátt þetta ákvæði skerði eða niðurfæri efnahagslegt virði orkufyrirtækjanna sem nú eru að mestum hluta í eigu sveitarfélaganna. Virði þeirra mun eingöngu aukast eftir því sem ásóknin verður meiri í græna orku

2. Aðskilnaður einkaleyfis og samkeppnisstarfsemi

Í frumvarpinu er lagt til að í þeim tilvikum þar sem starfsemi dreifi- og hitaveitna byggist á sérleyfum verði opinbert meirihlutaeignarhald tryggt. Því er í frumvarpinu miðað við að slík fyrirtæki verði ávallt að 2/3hlutum eða meira í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og/eða

sveitarfélaga. Það er bæði eðlilegt og rétt enda er hér um hagsmunamál fyrir orkunotendur almennt að ræða. Það fyrirkomulag sem hér hefur verið, hefur gefist vel og tryggt jafna stöðu notenda raforku án tillits til búsetu. Sama gildir um hitaveitur þar sem það á við hins vegar er einmitt þetta ákvæði laganna sem kemur til með að skipta sköpum fyrir rekstur Hitaveitu Suðurnesja. Með þessu ákvæði verður vegna núverandi eigendasamsetningar að skipta fyrirtækinu algerlega upp, og halda verður rekstri virkjana og sölu á raforku algerlega aðskildri frá annarri veitustarfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Væntanlega verður þá að setja sérstjórn yfir veituhlutann og sérstjórn yfir framleiðslu og söluhlutann. Og ljóst að hvor hluti verður með mismunandi eigendasamsetningu.

Vitnað er til reglna ESB hvað varðar aðskilnaðdreifi- og samkeppnisrekstrarins en þá ber að athuga að þar er eingöngu um stefnumörkun af hálfu ESB að ræða en ekki reglur. Þá stefnumörkun um aðskilnað sem þar er boðuð verður erfitt að framkvæma hér á landi eðli starfseminnar samkvæmt. Það er því okkar skoðun að betra sé almennt að nóg sé að krafist sé bókhaldslegs aðskilnaðar veitu og samkeppnisrekstrarins.

Nú er það ljóst að líti menn á rekstur HS þá er sú starfsemi er þar fer fram mjög samtvinnuð, og grundvallast það á eðli þeirra virkjana sem HS rekur í dag. Þannig hefur HS t.d á höndum öflun og framleiðslu ferskvatns og hitaveituvatns sem að hluta verður til við framleiðslu raforkunnar í virkjunum. Það ætti öllum að vera ljóst að það hlýtur að vera nánast ómögulegt að slíta þessa þætti í sundur, sem þó verður nauðsynlegt, nái lögin óbreytt fram að ganga. Það er okkur íbúum á Suðurnesjum mikið áhyggjuefni að sá kostnaður sem að slíkri uppskiptingu hlýst komi til með að lenda á okkur notendunum og er í raun óásættanlegt.

Ennfremur er nauðsynlegt fyrir háttvirta nefndarmenn að líta til þeirrar tekjusamsetningar sem HS býr við í dag til að skilja eðli vandans. Verði uppskiptingin með þeim hætti er lögin kveða á um, er ljóst að þeim aðilum sem gert verður að reka veitukerfið mun reynast það mjög erfitt. Eftir því sem næst verður komist byggjast tekjur HS í dag að langmestu leyti á raforku og vatnssölu. Þar af hefur raforkusalan verið um það bil 75% undanfarin ár og með tilkomu stóriðju á svæðinu mun hún aukast. Af þessum tekjum fara um það bil 20% til raforkudreifingarinnar og 9% til raforkuflutnings (Landsnet). Tekjur hitaveitunar vegna heitavatnssölu og vatnsölu, tengigjalda og ýmissa þjónustugjalda svo sem gatnalýsingar hafa verið um það bil 25%. Þannig að ljóst má vera að erfitt gæti reynst að uppfylla þær kröfur er lögin gera til starfsemi sérleyfishlutans og ljóst að rýmka þyrfti þær gjaldskrárheimildir sem nú eru fyrir hendi þannig að ásættanlegur rekstrargundvöllur næðist fyrir þennan hluta starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Á það getum við ekki fallist.

Það er ósk okkar sem köllum okkur Hollvini Hitaveitu Suðurnesja að nefndarmenn leiti allra þeirra leiða sem mögulega kunna að reynast til þess að greiða úr þeirri stöðu sem upp er kominn hjá HS, þannig að við íbúar svæðisins sem byggðum upp þetta fyrirtæki fyrir skuldbindingar í formi afnotagjalda fáum í framtíðinni notið afraksturs verks okkar á upprunalegum forsendum. Í okkar huga er í raun bara um eina færa leið að ræða og hún fellst

Í því að ríkið viðurkenni mistök sín og semji við þá aðila er þeir seldu hlut sinn til, um að kaupa hann til baka að hluta, þannig að markmið frumvarpsins um 2/3eignarhlutann náist og tryggt verði að auðlindin verði í 100% eign íslensku þjóðarinnar. Og að ekki reynist nauðsynlegt að skipta góðu fyrirtæki upp á þann hátt er frumvarpið kveður á um og kippa rekstrargrunninum undan hluta þess. Það er þeim hluta er kemur í hlut opinberra aðila að reka.

F.h. Hollvina Hitaveitu Suðurnesja

Hannes Friðriksson íbúi í Reykjanesbæ